



## FRÆÐSLUNEFND SKAGASTRANDAR

### **Fundargerð fræðslunefndar**

Mánudaginn 25. maí 2020, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 16:00 í Höfðaskóla.

Á fundinn voru mætt:

Fræðslunefnd: Péturína L. Jakobsdóttir, Baldur Magnússon, Hafdís Ásgeirsdóttir, Inga Rós Sævarsdóttir, Þórunn Valdís Rúnarsdóttir og Kolbrún Á. Guðnadóttir.

Fulltrúar grunnskóla: Sara Diljá Hjálmarsdóttir, skólastjóri, Guðrún Elsa Helgadóttir, aðstoðarskólastjóri, Erna Berglind Hreinsdóttir og Berglind Rós Helgadóttir.

Fulltrúar leikskóla: Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir leikskólastóri, Sesselja Guðmundsdóttir fulltrúi starfsmanna og Ástrós Villa Vilhelmsdóttir fulltrúi foreldra.

Aðrir: Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri og Þórdís Hauksdóttir, fræðslustjóri.

Péturína L. Jakobsdóttir, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

#### **1. Fundargerð:**

- a. Fundargerð fræðslunefndar frá 5. júní 2019 undirrituð.

#### **2. Fjármál**

- a. Samantekt úr ársreikningi 2019.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir niðurstöðum úr ársreikningi vegna fræðslumála og fór yfir helstu niðurstöður sem þar koma fram. Málið var til kynningar.

#### **3. Grunnskólinn**

- a. Skýrsla skólastjóra

Skólastjóri flutti skýrslu um skólastarfið, farið yfir hvernig veturinn hefur gengið, starfsmannamál og breytingar á skólastarfi. S  
Skýrslan var til kynningar.



## FRÆÐSLUNEFND SKAGASTRANDAR

### b. Skóladagatal 2020-2021

Skólastjóri kynnti skóladagatal sem hafði verið sent með fundarboði. Í skóladagatali kemur fram að skóladagar eru áætlaðir 180, að skólasetning er 24. ágúst, skólaslit í vor verði 28. maí og vetrarfrí verði í nóvember og mars.

Skóladagatalið var samþykkt.

### c. Skólapúlsinn

Farið var yfir helstu atriði niðurstaðna úr skólapúls könnun sem lögð var fyrir nemendur, foreldra og kennara í vetur. Niðurstöður skólapúls er svo birtar á heimasíðu Höfðaskóla.

Skýrslan var til kynningar

## **4. Leikskóli**

### a. Skýrsla leikskólastjóra

Leikskólastjóri flutti skýrslu um skólustarfið og fór yfir tölulegar upplýsingar, starfsmannahald, samstarf heimila og skóla, ytri umbúnað og fagstarf.

Skýrslan var til kynningar.

### b. Skóladagatal 2020-2021

Leikskólastjóri kynnti skóladagatalið sem hafði verið sent út fyrir fundinn. Í dagatali kemur fram að skólustarf hefjist eftir sumarfrí 4. ágúst og síðasti kennsludagur fyrir sumarleyfi 2. Júlí 2021. Starfsdagar eru 6 á árinu samkvæmt kjarasamningum og hafa þeir verið settir þegar Haustfundur Hjalla er, og svo á milli jóla og nýjárs og í Dymbilvíku.

Skóladagatal hefur ekki verið samþykkt af foreldraráði í sambandi við símenntun starfsmanna og þarf því að samþykkja það seinna.

Söngnámskeið er ekki komið inn í dagatal en er á dagskrá.

Skóladagatalið verður því að samþykkjast rafrænt.

### c. Innra mat

Leikskólastjóri kynnti innra mat á leikskólustarfinu, samantekt á foreldrakönnun. Könnunin var lögð fyrir í nóvember – desember 2019.

Svör bárust frá 30 foreldrum. Í könnuninni kom fram helstu atriði sem varða ánægju og þörf á úrbótum.

Innra matið var til kynningar.



## FRÆÐSLUNEFND SKAGASTRANDAR

### d. Símenntunaráætlun

Leikskólastjóri fór yfir símenntunaráætlun starfsmanna sem hafði verið send út fyrir fundinn. Símenntunaráætlun hafði verið hafnað af foreldraráði og því þörf á endurskoðun. Bæði kom til að hausþing norðurland-vestra og Haustþing Hjalla væru með viku millibili sem er nú búið að breytast og því þarf að endurskoða símenntunaráætlun. Símenntunaráætlun verður svo send til fræðslunefndar til rafrænnar umsóknar seinna.

## 5. Önnur mál

### a. Skólafestna sem er í vinnslu kynnt

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:00

Péturína L. Jakobsdóttir

Hafdis Asgeirsdóttir

Þórunn Valdís Rúnarsdóttir

Sára Dilya Hjálmarisdóttir

Erna Berglind Hreinsdóttir

Lilja Guðlaug Ingólfisdóttir

Astrós Valla Vilhelmsdóttir

Þórdís Hauksdóttir

Baldur Magnússon

Inga Rós Sævarsdóttir

Kolbrún Á. Guðnadóttir

Guðrún Elsa Helgadóttir

Berglind Rós Helgadóttir

Sesselja Guðmundsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir